

148. löggjafarþing 2017–2018.  
Þingskjal 121 — 3. mál.  
3. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018.

Frá Jóni Þór Ólafssyni, Birni Leví Gunnarssyni, Halldóru Mogensen,  
Helga Hrafni Gunnarssyni, Smára McCarthy og Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur.

Á undan 42. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (42. gr.)

Við 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá er útleiga veiðiréttar skattskyld, svo og sala veiðileyfa þegar um er að ræða fast gjald, óháð veiðifeng.

b. (43. gr.)

Á eftir 2. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur nýr tölulíður, svohljóðandi: Útleiga veiðiréttar og sala veiðileyfa þegar um er að ræða fast gjald, óháð veiðifeng.

### Greinargerð.

Lagt er til að virðisaukaskattskyld verði útleiga veiðiréttar og sala veiðileyfa sem ekki er bundin aflamagni á þann hátt að líta verði á hana sem virðisaukaskattskylda vörusölu. Skatthlutfall verður samkvæmt neðra þrepi 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt.